



Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar

1. janúar til 30. september 2017

Þessi síða er vísitandi höfð auð.

Efnisyfirlit

Blaðsíða

Skýrsla bankaráðs og bankastjóra	1 - 2
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur samstæðunnar 1. janúar til 30. september 2017	5
Efnahagsreikningur samstæðunnar 30. september 2017	6
Eiginfjáryfirlit samstæðunnar 1. janúar til 30. september 2017	7
Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar 1. janúar til 30. september 2017	8 - 9
Skýringar við árshlutareikning	10 - 46

Skýrsla bankaráðs og bankastjóra

Landsbankinn er leiðandi í fjármálaþjónustu hér á landi og býður einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum upp á alhliða vöruframboð og þjónustu á sviði fjármála. Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Landsbankans hf. (hér eftir nefndur „Landsbankinn“ eða „bankinn“) fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2017 hefur að geyma árshlutareikning bankans og dótturfélaga (hér eftir „samstæðan“).

Rekstur tímabilsins

Hagnaður samstæðunnar fyrstu níu mánuði ársins 2017 nam 16.841 milljónum króna. Í lok þessa tímabils nam eigið fé samstæðunnar 243.132 milljónum króna og heildareignir námu 1.198.958 milljónum króna. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar, reiknað út samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki, var 26,8% í lok þriðja ársfjórðungs 2017.

Þann 25. október 2017 hækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið S&P Global Ratings lánshæfiseinkunn Landsbankans úr BBB-/A-2 í BBB+/A-2 með stöðugum horfum. Mat á stöðugum horfum endurspeglar væntingar S&P um hagstæða þróun efnahagsmála hér á landi og að fjárhagsstaða Landsbankans haldist áfram mjög sterk.

Áhættuþættir

Útlán bankans hafa aukist nokkuð það sem af er árinu. Þrátt fyrir það hafa útlánagæði haldist stöðug á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 og útlánaáætla safnsins hefur aukist óverulega. Þann 30. september 2017 var lausafjárþekja samstæðunnar 158% og hrein stöðug fjármögnunarþekja erlendra mynta 184%. Lausafjár- og fjármögnunarhlutföll samstæðunnar eru yfir lögbundnum lágmarkskröfum og innan áhættuvilja bankans.

Horfur

Uppfærð hagspá Hagfræðideildar Landsbankans frá því í maí gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 6,7% á þessu ári en að vöxturinn verði 3,5% á næsta ári og 2,6% árið 2019. Verðbólga síðustu mánaða hefur reynst lægri en Hagfræðideildin spáði í maí þrátt fyrir að gengi krónunnar hafi verið veikara en vænst var. Koma þar m.a. til áhrif aukinnar samkeppni á smásölumarkaði sem hafa verið meiri og víðtækari en almennt var búist við. Í maí gerði Hagfræðideildin ráð fyrir að verðbólgan færi lítillega yfir verðból gumarkmiðið á fjórða ársfjórðungi þessa árs og fyrsta fjórðungi næsta árs. Líkur á þeirri þróun hafa minnkað verulega og bendir spá deildarinnar í dag til þess að verðbólgan verði undir verðból gumarkmiðinu á næstu fjórðungum.

Bankinn leggur áfram áherslu á að innleiða stefnu sína með það að markmiði að skila ásættanlegri arðsemi til lengri tíma litið. Hagnaður á þriðja ársfjórðungi 2017 var lægri en á sama tíma árið áður en hagnaður á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 var lítið eitt hærri en á sama tímabili árið 2016. Horfur eru áfram góðar fyrir árið í heild.

Yfirlýsing bankaráðs og bankastjóra

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Landsbankans hf. fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2017 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu fyrir fyrirtæki í áframhaldandi rekstri.

Það er álit okkar að samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar fyrstu níu mánuði ársins 2017, efnahagsreikningi samstæðunnar þann 30. september 2017 og af breytingum á handbæru fé fyrstu níu mánuði ársins 2017.

Það er enn fremur álit okkar að samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar lýsi megináhættum og óvissupáttum sem að samstæðunni steðja.

Yfirlýsing bankaráðs og bankastjóra (framhald)

Bankaráð og bankastjóri staðfesta hér með samandreginn árs hlutareikning samstæðu Landsbankans hf. fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2017 með áritun sinni.

Reykjavík, 26. október 2017

Bankaráð

Helga Björk Eiríksdóttir

formaður bankaráðs

Berglind Svavarsdóttir

Hersir Sigurgeirsson

Magnús Pétursson

Einar Þór Bjarnason

Jón Guðmann Pétursson

Sigríður Benediktsdóttir

Bankastjóri

Lilja Björk Einarsdóttir

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

Til bankaráðs og hluthafa Landsbankans hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Landsbankans hf. (hér eftir árshlutareikningur) fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2017, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Bankaráð og bankastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu á samandregnum árshlutareikningi í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, sem samþykktur hefur verið af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um samandregna árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samandreginn árshlutareikningur gefi glögga mynd af afkomu bankans á tímabilinu 1. janúar – 30. september 2017, efnahag bankans 30. september 2017 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar – 30. september 2017, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, sem samþykktur hefur verið af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 26. október 2017

Grant Thornton endurskoðun ehf.



Davíð Arnar Einarsson
Löggiltur endurskoðandi



J. Sturla Jónsson
Löggiltur endurskoðandi

Þessi síða er vísitandi höfð auð.

Rekstrarreikningur samstæðunnar 1. janúar til 30. september 2017

Skýringar		2017 1.7-30.9	2016 1.7-30.9	2017 1.1-30.9	2016 1.1-30.9
	Vaxtatekjur	14.916	15.528	46.586	48.371
	Vaxtagjöld	(6.022)	(6.932)	(19.516)	(22.164)
5	Hreinar vaxtatekjur	8.894	8.596	27.070	26.207
6	Hrein virðisbreyting og virðisrýrnun útlána og krafna	766	2.144	2.067	4.419
	Hreinar vaxtatekjur eftir hreina virðisbreytingu og virðisrýrnun útlána og krafna	9.660	10.740	29.137	30.626
	Þjónustutekjur	2.923	2.634	8.671	7.652
	Þjónustugjöld	(764)	(619)	(2.080)	(1.743)
7	Hreinar þjónustutekjur	2.159	2.015	6.591	5.909
8	Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum	509	(534)	5.514	797
9	Hreinn gengismunur	(10)	25	(893)	33
10	Aðrar tekjur og (gjöld)	36	864	1.293	4.327
	Aðrar rekstrartekjur	535	355	5.914	5.157
	Rekstrartekjur samtals	12.354	13.110	41.642	41.692
11	Laun og launatengd gjöld	3.163	3.096	10.308	10.409
12	Annar rekstrarkostnaður	2.475	2.230	7.378	7.173
	Rekstrargjöld samtals	5.638	5.326	17.686	17.582
	Hagnaður fyrir skatta	6.716	7.784	23.956	24.110
13	Tekjuskattur	(1.648)	(1.937)	(4.615)	(5.440)
14	Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(880)	(745)	(2.500)	(2.270)
	Hagnaður tímabilsins	4.188	5.102	16.841	16.400
	Hagnaður tímabilsins tilheyrir:				
	Hluthöfum bankans	4.188	5.103	16.841	16.390
	Hlutdeild minnihluta	0	(1)	0	10
	Hagnaður tímabilsins	4.188	5.102	16.841	16.400
	Hagnaður á hlut				
30	Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (krónur)	0,18	0,21	0,71	0,69

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Efnahagsreikningur samstæðunnar 30. september 2017

Skýringar		30.9.2017	31.12.2016
Eignir			
18	Sjóður og innstæður í Seðlabanka	33.157	30.662
15, 19, 50	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	160.223	154.892
15, 20	Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	31.049	26.688
15, 21	Afleiðusamningar	1.787	278
22, 50	Útlán og kröfur á lánastofnanir	41.485	20.408
23, 50	Útlán og kröfur á viðskiptavinum	905.927	853.417
	Fjárfesting í hlutdeildarfélagum með hlutdeildaraðferð	1.096	1.184
	Rekstrarfjármunir	5.228	5.452
	Óefnislegar eignir	2.969	2.634
24	Aðrar eignir	11.660	8.093
25	Eignir í sölumeðferð	4.377	7.449
Eignir samtals		1.198.958	1.111.157
Skuldir			
	Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	21.946	20.093
	Innlán frá viðskiptavinum	638.781	589.725
21	Afleiðusamningar og skortstöður	1.469	1.729
26, 50	Lántaka	267.853	223.944
	Frestuð skattskuldbinding	54	85
27	Aðrar skuldir	25.339	22.867
25	Skuldir vegna eigna í sölumeðferð	155	1.095
28	Víkjandi lán	229	388
Skuldir samtals		955.826	859.926
29	Eigið fé		
	Hlutfé	23.640	23.648
	Yfirverðsreikningur hlutfjár	120.764	120.847
	Varasjóðir	14.381	10.875
	Óráðstafað eigið fé	84.347	95.834
Eigið fé sem tilheyrir hluthöfum bankans		243.132	251.204
	Hlutdeild minnihluta	0	27
Eigið fé samtals		243.132	251.231
Skuldir og eigið fé samtals		1.198.958	1.111.157

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Eiginfjárfirlit samstæðunnar 1. janúar til 30. september 2017

Skýringar

Hluthafar bankans										
Varasjóðir										
Breytingar á eigin fé á reikningstímabilinu 1. janúar til 30. september 2017	Hlutfé	Yfirverðs reikningur hlutafjár	Lögbundinn varasjóður	Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarféлага umfram greiddan arð	Fjáreignir sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	Óráðstafað eigið fé	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Samtals	
Eigið fé 1. janúar 2017	23.648	120.847	6.000	4.583	292	95.834	251.204	27	251.231	
Hagnaður tímabilsins						16.841	16.841		16.841	
Flutt á bundið óráðstafað eigið fé				(1.161)	4.667	(3.506)	0		0	
Kaup á eigin hlutum	(8)	(83)					(91)		(91)	
Greiddur arður						(24.822)	(24.822)		(24.822)	
Sala dótturfélags							0	(27)	(27)	
29 Eigið fé 30. september 2017	23.640	120.764	6.000	3.422	4.959	84.347	243.132	0	243.132	
Breytingar á eigin fé á reikningstímabilinu 1. janúar til 30. september 2016										
Eigið fé 1. janúar 2016	23.782	122.105	6.000			112.614	264.501	30	264.531	
Hagnaður tímabilsins						16.390	16.390	10	16.400	
Flutt á bundið óráðstafað eigið fé				201	162	(363)	0		0	
Kaup á eigin hlutum	(120)	(1.127)					(1.247)		(1.247)	
Greiddur arður						(28.538)	(28.538)		(28.538)	
29 Eigið fé 30. september 2016	23.662	120.978	6.000	201	162	100.103	251.106	40	251.146	

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar 1. janúar til 30. september 2017

Skýringar		2017 1.1-30.9	2016 1.1-30.9
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		16.841	16.400
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi		(26.708)	(24.149)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		(33.243)	(10.531)
Innheimtar vaxtatekjur		42.230	43.430
Greidd vaxtagjöld		(7.552)	(9.717)
Fenginn arður		1.540	329
Greiddur tekjuskattur og sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki		(5.309)	(5.336)
Handbært fé (til) frá rekstri		(12.201)	10.426
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir rekstrarfjármunir		(162)	(230)
Seldir rekstrarfjármunir		153	158
Eignfærðar óefnislegar eignir		(571)	(451)
Sala á dótturfélagi		148	(8)
Handbært fé til fjárfestingahreyfinga		(432)	(531)
Fjármögnunarhreyfingar			
Lántaka		101.610	100.008
Kaup á eigin hlutum		(91)	(1.247)
Endurgreiðsla á lántöku		(68.270)	(70.379)
Endurgreiðsla á víkjandi lánum		(156)	(246)
Greiddur arður		(24.822)	(28.538)
Handbært fé frá (til) fjármögnunarhreyfinga		8.271	(402)
Handbært fé í upphafi tímabilsins		21.252	24.257
Breyting á handbæru fé		(4.362)	9.493
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(627)	(740)
Handbært fé í lok tímabilsins		16.263	33.010
Handbært fé sundurliðað			
18 Sjóður og innstæður í Seðlabanka		33.157	52.822
22 Innstæður hjá lánastofnunum		11.100	12.261
18 Almenn og sértæk bindiskylda við Seðlabanka		(27.994)	(32.073)
Handbært fé í lok tímabilsins		16.263	33.010

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit samstæðunnar 1. janúar til 30. september 2017

Skýringar		2017 1.1-30.9	2016 1.1-30.9
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi			
5	Hreinar vaxtatekjur	(27.070)	(26.207)
6, 46	Virðisrýmun útlána, krafna og ábyrgða	(952)	(4.419)
6	Breyting á framlagi vegna taps af gengistryggðum útlánun og kröfum á viðskiptavini	(1.115)	0
8	Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum	(5.514)	(797)
9	Hreinn gengismunur	1.520	707
	(Hagnaður) tap af sölu rekstrarfjármuna	(63)	11
	Hagnaður af sölu fullnustueigna	(1.009)	(1.167)
	Afskriftir	532	459
	Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага með hlutdeildaraðferð	(152)	(446)
13	Tekjuskattur	4.615	5.440
14	Skattur á heildarskuldur fjármálafyrirtækja	2.500	2.270
		(26.708)	(24.149)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
	Breytingar á bindiskyldu við Seðlabanka	(4.045)	(16.070)
	Breytingar á markaðsskuldabréfum og hlutabréfum	(6.312)	28.232
	Breytingar á útlánun og kröfum á lánastofnanir	(21.854)	(1.259)
	Breytingar á útlánun og kröfum á viðskiptavini	(44.083)	(37.328)
	Breytingar á eignasamstæðum til sölu	1.403	0
	Breytingar á öðrum eignum	(1.341)	(1.839)
	Breytingar á eignum í sölumeðferð	3.308	3.560
	Breytingar á skuldum við lánastofnanir og Seðlabanka	1.838	(14.997)
	Breytingar á innlánun frá viðskiptavinun	38.051	22.984
	Breyting á skattskuld	(31)	(46)
	Breytingar á öðrum skuldum	809	6.237
	Breyting á skuldum vegna eigna í sölumeðferð	(986)	(5)
		(33.243)	(10.531)

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Skýring	Blaðsíða	Skýring	Blaðsíða
Almennt		Eiginfjárstýring	
1 Upplýsingar um félagið og samstæðuna.....	11	35 Eiginfjárkröfur.....	29
2 Grundvöllur reikningsskilanna.....	11	36 Eiginfjárgrunnur, áhættuvegnar eignir og eiginfjárlutföll	30
3 Mikilvægar reikningsskilaaðferðir.....	11-12	37 Vogunarlutfall.....	30
4 Starfsþættir.....	12-13	Áhættustýring	
Skýringar við rekstrarreikning		Útlánaáhætta	
5 Hreinar vaxtatekjur.....	14	38 Hámarksútlánaáhætta og skipting eftir	
6 Hrein virðisbreyting og virðisrýrnun útlána og krafna.....	14	atvinnugreinum.....	31-32
7 Hreinar þjónustutekjur.....	14	39 Tryggingar og veðlutföll eftir atvinnugreinum	33
8 Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum.....	15	40 Tegundir trygginga.....	34
9 Hreinn gengismunur.....	15	41 Útlán og kröfur - skipting eftir vöktunarflokkum útlánaáhættu....	34-35
10 Aðrar tekjur og (gjöld).....	15	42 Útlánagæði fjáreigna	35
11 Laun og launatengd gjöld.....	15	43 Útlán og aðrar kröfur án vanskila eða	
12 Annar rekstrarkostnaður.....	16	sértækrar virðisrýrnunar	35-36
13 Tekjuskattur	16	44 Útlán og aðrar kröfur í vanskilum	
14 Skattur á heildarskuldur fjármála fyrirtækja.....	16	en án virðisrýrnunar.....	36
Skýringar við efnahagsreikning		45 Útlán og aðrar kröfur eftir atvinnugreinum.....	37
15 Flokkun fjáreigna og fjárskulda.....	17	46 Virðisrýrnun útlána og krafna á lánastofnanir	
16 Gangvirði fjáreigna og fjárskulda.....	18-19	og viðskiptavini og annarra fjáreigna.....	38
17 Ógreinanlegar forsendur í gangvirðismati	19-20	47 Stórar áhættuskuldbindingar.....	38
18 Sjóður og innstæður í Seðlabanka.....	20	48 Jöfnun fjáreigna og fjárskulda	39
19 Skuldabréf	20	Lausafjárahætta	
20 Hlutabréf.....	21	49 Stýring lausafjárahættu.....	40
21 Afleiðusamningar og skortstöður.....	21	50 Veðsettar eignir.....	41
22 Útlán og kröfur á lánastofnanir.....	21	Markaðsáhætta	
23 Útlán og kröfur á viðskiptavini.....	22	51 Stýring markaðsáhættu.....	41
24 Aðrar eignir.....	22	52 Hlutabréfaáhætta.....	41
25 Eignir og skuldur vegna eigna í sölumæðferð.....	22	53 Vaxtaáhætta.....	42
26 Lántaka.....	23-24	54 Verðtryggingaráhætta (öll söfn).....	43
27 Aðrar skuldir.....	24	55 Gjalddeyrísáhætta (öll söfn).....	43
28 Víkjandi lán.....	25	56 Samþjöppun gjalddeyrísáhættu	43-44
29 Eigið fé.....	25-26	57 Gengi erlendra gjaldmiðla.....	44
Aðrar skýringar		Lykilstærðir samstæðunnar	
30 Hagnaður á hlut	26	58 Rekstur eftir ársfjórðungum (óendurskoðað).....	45
31 Málaferli.....	26-27	59 Lykilstærðir og kennitölur.....	46
32 Hlutdeild í dótturfélögum.....	27		
33 Tengdir aðilar.....	27-28		
34 Atburðir eftir reikningsskiladag.....	28		

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

Almennt

1. Upplýsingar um félagið og samstæðuna

Landsbankinn hf. (hér eftir „bankinn“ eða „Landsbankinn“) var stofnaður 7. október 2008. Bankinn er hlutafélag með takmarkaða ábyrgð, stofnað og skráð á Íslandi og með aðsetur þar. Bankinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur eftirlit með bankanum á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Skráð aðsetur bankans er Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

Samstæðuárshlutareikningur bankans fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2017 tekur til bankans og dótturfélaga hans (saman nefnd „samstæðan“ og hvert fyrir sig „samstæðufélag“). Meginstarfsemi samstæðunnar er á sviði fyrirtækja- og viðskiptabankastarfsemi, markaðsviðskipta, eignastýringar og annarrar tengdrar fjármálaþjónustu. Samstæðan starfar eingöngu á Íslandi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur samstæðunnar fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2017 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðalinn IAS 34, "Árshlutareikningsskil", sem er samþykktur af Evrópusambandinu.

Árshlutareikningur samstæðunnar var samþykktur af bankaráði og bankastjóra þann 26. október 2017.

Árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki jafn tæmandi upplýsingar og ársreikningur og skal lesinn í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir reikningsárið 2016 sem nálgast má á heimasíðu bankans, www.landsbankinn.is.

Árshlutareikningur samstæðunnar var saminn á ensku. Uppgötvist munur á ensku útgáfunni og íslenskri þýðingu, skal enska útgáfan gilda.

Rekstrarhæfi

Stjórnendur bankans hafa lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi samstæðunnar og hafa komist að þeirri niðurstöðu að samstæðan hafi fullnægjandi burði til áframhaldandi reksturs. Árshlutareikningur samstæðunnar er því gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

Matsgrundvöllur

Árshlutareikningur samstæðunnar byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum, að undanskildum:

- Fjáreignum og fjárskuldum sem flokkaðar eru sem veltufjáreignir og veltufjárskuldir sem metnar eru á gangvirði.
- Fjáreignum og fjárskuldum sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og metnar eru á gangvirði.
- Fastafjármunum til sölu og eignarhlutum í félögum í sölumæðferð, sem metnir eru á því sem lægra reynist af kostnaðarverði eða gangvirði, að frádregnum sölukostnaði.

Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Starfrækslugjaldmiðill bankans og félaga innan samstæðunnar er íslenskar krónur (ISK). Allar fjárhæðir eru birtar í íslenskum krónum, námundað að næstu milljón, nema annað komi fram.

Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á þær reikningsskilaaðferðir sem beitt er og fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda sem birtar eru í árshlutareikningnum. Endanlegar niðurstöður kunna hins vegar að vera frábrugðnar þessu mati.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum, sem settar eru fram í árshlutareikningi samstæðunnar, hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir sambærileg viðskipti og önnur atvik við líkar aðstæður. Reikningsskilaaðferðirnar sem beitt er í árshlutareikningnum eru þær sömu og í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2016. Reikningsskilaaðferðunum hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem fram koma í reikningnum.

Samstæðan hefur innleitt þær breytingar sem gerðar hafa verið á alþjóðlegum reikningsskilastöðum sem hún hefur beitt fram að þessu og tóku gildi frá og með 1. janúar 2017. Breytingar þessar höfðu óveruleg áhrif á árshlutareikning samstæðunnar.

Skýringar við árs hlutareikning samstæðunnar

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir (framhald)

Undir lok fyrsta ársfjórðungs 2017 hóf samstæðan að beita áhættuvarnarreikningsskilum vegna gangvirkisvæðna. Hluti af áhættunni á breytingum á gangvirkni skuldabréfaútgáfu bankans til meðallangs tíma er varinn með vaxtaskiptasamningum. Um er að ræða skuldabréf sem gefin eru út undir 2.000 milljóna evru EMTN-ramma bankans (e. „Euro Medium Term Note“). Slíkum vaxtaskiptasamningum er teft á móti tilteknum skuldabréfum útgáfunnar með föstum vöxtum. Breytingar á gangvirkni vaxtaskiptasamninganna, ásamt breytingum á gangvirkni skuldabréfanna sem rekja má til vaxtaáhrættu, eru færðar strax í rekstrarreikning undir liðnum „Hreinn hagnaður (tap) af gangvirkisvörn“. Áfallnir vextir bæði af vaxtaskiptasamningunum og skuldabréfunum falla undir liðinn „Vaxtagjöld“.

Samstæðan notar aðrar afleiður, sem falla ekki undir áhættuvarnarsamband, til að stýra gjaldeyris-, vaxta-, hlutabréfamarkaðar- og útlánaáhrættu sinni. Notaðir eru fjármálagæringar eins og vaxtaskiptasamningar, gjaldmiðlaskiptasamningar, framvirkir samningar, framtíðarsamningar, valréttarsamningar, skuldatryggingar og hlutabréfaskiptasamningar.

Við upphaflega skráningu áhættuvarnanna, skráir samstæðan sambandið milli áhættuvarnargæringanna og hinna áhættuvörðu liða með formlegum hætti, þar á meðal markmið og stefnu áhættustýringar við að takast á hendur áhættuvarnanna, ásamt aðferðinni sem notuð verður til að meta skilvirkni áhættuvarnarsambandanna. Frá og með þeim tíma sem stofnað er til áhættuvarnarsambands framkvæmir samstæðan reglulega mat á því hvort búist sé við að áhættuvarnargæringunin reynist árangursrík við að vega á móti breytingum á gangvirkni hins áhættuvarða liðar á því tímabili sem áhættuvörnin nær til og hvort raunverulegur árangur af áhættuvörninni mælist á bilinu 80-125%.

Ef afleiðusamningur sem fellur undir áhættuvörn rennur út, er seldur, honum er slitið eða rétturinn sem fylgir samningnum er nýttur, eða áhættuvörnin uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir gangvirkisvörn í áhættuvarnarreikningsskilum eða skilgreining áhættuvarnar er afturkölluð, lýkur um leið áhættuvarnarreikningsskilum fyrir viðkomandi áhættuvarnarsamband.

Fram að þeim tímapunkti sem áhættuvarnarsambandi lýkur er sérhver breyting á áhættuvörðum lið sem lotið hefur aðferð virkra vaxta afskrifuð í rekstrarreikningi sem hluti af endurútreiknuðum virkum vöxtum liðsins það sem eftir er af líftíma hans.

Framsetningu á atvinnugreinaflokkun fyrir útlán til byggingariðnaðar og fasteignafélaga hefur verið breytt. Samanburðarfjárhæðum í skýringum, sem sýndu sameiginlega útlán til byggingariðnaðar og fasteignafélaga, hefur verið skipt upp í tvær atvinnugreinar, annars vegar byggingarstarfsemi og hins vegar fasteignafélög.

4. Starfsþættir

Niðurstöður starfsþátta eru birtar í samræmi við skýrslur til bankastjóra og bankaráðs. Bankaráð og bankastjóri bera ábyrgð á ráðstöfun fjármuna til starfsþátta sem og mati á rekstrarárangri þeirra.

Í lok uppgjörstímabilsins eru helstu tekjusið samstæðunnar fjögur talsins:

- **Einstaklingssvið** býður einstaklingum ásamt minni og meðalstórum fyrirtækjum utan höfuðborgarsvæðisins upp á fjármálaþjónustu í gegnum útibúanet bankans.
- **Fyrirtækjasvið** býður stórfyrirtækjum ásamt minni og meðalstórum fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu upp á fjármálaþjónustu.
- **Markaðir** bjóða upp á miðlunarþjónustu í verðbréfum, gjaldeyri og afleiðum, sjá um skuldabréfa- og hlutabréfaútbod og veita ráðgjafarþjónustu, ásamt því að sinna viðskiptavakt með skráð verðbréfum og gjaldeyri. Markaðir bjóða einnig upp á víðtækt vöruúrval og þjónustu á sviði auðs- og eignastýringar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fagfjárfesta. Landsbréf hf., dótturfélag bankans, fellur undir starfsþáttauppgjör Markaða.
- **Fjárstýring** hefur umsjón með fjármögnun, lausafjárstýringu og viðskiptavakt á peningamarkaði og ákvarðar verðlagningu fjármagns innan bankans. Fjárstýring stýrir einnig gengis-, vaxta- og verðtryggingaráhættu bankans, innan þeirra marka sem sett eru af bankaráði. Starfsþættir fá úthlutað eigin fé í samræmi við markmið bankans um eiginfjárhlutfall.

Undir aðra starfsþætti falla stoðdeildirnar Fjármál (að undanskilinni Fjárstýringu), Áhættustýring, Upplýsingatækni og Skrifstofa bankastjóra, sem samanstendur af Mannauði, Markaðsmálum og samskiptum og Regluvörslu. Innri endurskoðun bankans fellur einnig undir aðra starfsþætti en hún nýtur fullkomins sjálfstæðis og heyrir undir bankaráð.

Jöfnunarfærslur samanstanda af jöfnun viðskipta sem ekki er hægt að deila niður á einhvern einn starfsþátt.

Stjórnunarkostnaði stoðeilda samstæðunnar er deilt niður á viðeigandi starfsþætti á grundvelli undirliggjandi kostnaðarvaka. Kostnaði er deilt niður á viðskiptaeiningarnar á markaðsverði. Þjónusta og viðskipti sem stoðeildirnar veita viðskiptaeiningunum eru gerð upp á einingaverði eða eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða, helst á grundvelli notkunar eða athafnasemi.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárhagslega frammistöðu hvers starfsþátta, eins og þær upplýsingar sem birtar eru í innanhússkýrslum til stjórnenda um hagnað (tap) starfsþátta fyrir skatta. Í þessum skýrslum eru allir liðir rekstrarreikningsins birtir nettó en ekki brúttó, þar með talið vaxtatekjur og vaxtagjöld. Verðlagning milli starfsþátta er eins og um væri að ræða viðskipti milli óskyldra aðila.

Tekjur af viðskiptum við hvern einstakan ytri viðskiptavin voru innan við 10% af heildartekjum samstæðunnar á tímabilinu frá 1. janúar til 30. september 2017 og 2016.

Skýringar við árs hlutareikning samstæðunnar

4. Starfsþættir (framhald)

	Einstaklings- svið	Fyrirtækja- svið	Markaðir	Fjárstýring	Aðrir starfsþættir	Jöfnunar- færslur	Samtals
1. janúar - 30. september 2017							
Hreinar vaxtatekjur	11.683	12.296	277	2.859	28	(73)	27.070
Hrein virðisbreyting og virðisrýrnun útlána og krafna	620	1.440	-	7	-	-	2.067
Hreinar þjónustutekjur	2.621	754	3.598	(293)	111	(200)	6.591
Aðrar tekjur og (gjöld)	52	1	(585)	5.376	1.079	(9)	5.914
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	14.976	14.491	3.290	7.949	1.218	(282)	41.642
Rekstrargjöld samtals	(4.689)	(1.191)	(1.596)	(1.329)	(9.185)	304	(17.686)
Hagnaður (tap) fyrir útskiptingu kostnaðar	10.287	13.300	1.694	6.620	(7.967)	22	23.956
Útskiptur kostnaður frá stoðsviðum til starfsþátta	(3.689)	(2.616)	(1.156)	(775)	8.236	-	0
Hagnaður (tap) fyrir skatta	6.598	10.684	538	5.845	269	22	23.956
Hreinar tekjur (gjöld) vegna ytri viðskipta	16.895	20.224	3.050	599	1.156	-	41.924
Hreinar tekjur (gjöld) vegna annarra starfsþátta	(1.919)	(5.733)	240	7.350	62	-	0
Rekstrartekjur samtals	14.976	14.491	3.290	7.949	1.218	0	41.924
30. september 2017							
Eignir samtals	440.464	494.836	26.111	438.859	15.307	(216.619)	1.198.958
Skuldir samtals	380.894	378.620	17.514	380.110	15.307	(216.619)	955.826
Úthlutað eigið fé	59.570	116.216	8.597	58.749	-	-	243.132

	Einstaklings- svið	Fyrirtækja- svið	Markaðir	Fjárstýring	Aðrir starfsþættir	Jöfnunar- færslur	Samtals
1. janúar - 30. september 2016							
Hreinar vaxtatekjur	10.257	11.189	267	4.831	7	(344)	26.207
Hrein virðisbreyting og virðisrýrnun útlána og krafna	2.855	1.582	-	(18)	-	-	4.419
Hreinar þjónustutekjur	2.629	633	3.100	(242)	74	(285)	5.909
Aðrar tekjur og (gjöld)	1.406	83	(243)	2.078	1.494	339	5.157
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	17.147	13.487	3.124	6.649	1.575	(290)	41.692
Rekstrargjöld samtals	(4.780)	(1.143)	(1.613)	(1.198)	(9.151)	303	(17.582)
Hagnaður (tap) fyrir útskiptingu kostnaðar	12.367	12.344	1.511	5.451	(7.576)	13	24.110
Útskiptur kostnaður frá stoðsviðum til starfsþátta	(3.732)	(2.722)	(1.000)	(933)	8.387	-	0
Hagnaður (tap) fyrir skatta	8.635	9.622	511	4.518	811	13	24.110
Hreinar tekjur vegna ytri viðskipta	19.352	20.500	2.868	(2.279)	1.541	-	41.982
Hreinar tekjur (gjöld) vegna annarra starfsþátta	(2.205)	(7.013)	256	8.928	34	-	0
Rekstrartekjur samtals	17.147	13.487	3.124	6.649	1.575	0	41.982
30. september 2016							
Eignir samtals	384.278	475.088	38.469	458.931	16.088	(239.052)	1.133.802
Skuldir samtals	339.191	375.152	33.032	358.245	16.088	(239.052)	882.656
Úthlutað eigið fé	45.087	99.936	5.437	100.686	-	-	251.146

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

Skýringar við rekstrarreikning

5. Hreinar vaxtatekjur

	2017	2016	2017	2016
	1.7-30.9	1.7-30.9	1.1-30.9	1.1-30.9
Vaxtatekjur				
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	204	396	564	926
Markaðsskuldabréf flokkuð sem útlán og kröfur	1.045	1.510	3.526	4.698
Útlán og kröfur á lánastofnanir	52	39	143	173
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	13.601	13.552	42.322	42.525
Aðrar vaxtatekjur	14	31	31	49
Samtals	14.916	15.528	46.586	48.371
Vaxtagjöld				
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	(118)	(179)	(505)	(861)
Innlán frá viðskiptavinum	(4.075)	(4.821)	(13.389)	(15.306)
Lántaka	(1.815)	(1.922)	(5.576)	(5.937)
Önnur vaxtagjöld	(8)	-	(26)	(27)
Víkjandi lán	(6)	(10)	(20)	(33)
Samtals	(6.022)	(6.932)	(19.516)	(22.164)
Hreinar vaxtatekjur	8.894	8.596	27.070	26.207

Framangreindar vaxtatekjur og vaxtagjöld eru vegna fjáreigna og fjárskulda sem eru ekki færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

6. Hrein virðisbreyting og virðisrýrnun útlána og krafna

	2017	2016	2017	2016
	1.7-30.9	1.7-30.9	1.1-30.9	1.1-30.9
Virðisbreyting útlána og krafna	419	2.144	893	4.419
Breyting á framlagi vegna ábyrgða	-	-	59	-
Bakfært framlag vegna taps af gengistryggðum útlánunum og kröfum á viðskiptavinum	347	-	1.115	-
Hrein virðisbreyting og virðisrýrnun útlána og krafna á viðskiptavinum	766	2.144	2.067	4.419
Hrein virðisbreyting og virðisrýrnun útlána og krafna eftir tegund viðskiptavina				
Einstaklingar	148	902	530	2.105
Fyrirtæki	618	1.242	1.537	2.314
Hrein virðisbreyting og virðisrýrnun útlána og krafna á viðskiptavinum	766	2.144	2.067	4.419

7. Hreinar þjónustutekjur

	2017	2016	2017	2016
	1.7-30.9	1.7-30.9	1.1-30.9	1.1-30.9
Þjónustutekjur				
Markaðir	1.324	1.050	3.622	2.938
Útlán og ábyrgðir	199	252	905	760
Greiðslukort	875	814	2.620	2.384
Innheimtu- og greiðsluþjónusta	222	224	645	666
Erlend viðskipti	216	185	583	585
Aðrar þóknarir	87	109	296	319
Samtals	2.923	2.634	8.671	7.652
Þjónustugjöld				
Veltu- og vörslugjöld verðbréfa	(150)	(85)	(346)	(232)
Greiðslukort	(345)	(274)	(902)	(783)
Annað	(269)	(260)	(832)	(728)
Samtals	(764)	(619)	(2.080)	(1.743)
Hreinar þjónustutekjur	2.159	2.015	6.591	5.909

Hreinar þjónustutekjur eins og þær eru birtar hér að ofan innihalda ekki fjárhæðir sem eru hluti af útreiknuðum virkum vöxtum fjáreigna og fjárskulda sem ekki eru færðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Þjónustutekjur af slíkum fjáreignum og fjárskuldum eru heldur ekki hluti af framangreindum fjárhæðum.

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

8. Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum

	2017 1.7-30.9	2016 1.7-30.9	2017 1.1-30.9	2016 1.1-30.9
Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði				
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	147	303	920	317
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	923	(168)	4.845	649
	1.070	135	5.765	966
Hreinn hagnaður (tap) af gangvirðisvörnum				
Hrein gangvirðisbreyting vaxtaskiptasamninga	78	-	(225)	-
Gangvirðisbreytingar útgefinna skuldabréfa sem rekja má til vaxtaáhættu	(92)	-	146	-
	(14)	0	(79)	0
Hreinn hagnaður (tap) af veltufjáreignum og veltufjárskuldum				
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	63	47	331	908
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	(516)	(353)	(870)	(749)
Afleiður og undirliggjandi áhættuvarnir	(94)	(363)	367	(328)
	(547)	(669)	(172)	(169)
Samtals hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum	509	(534)	5.514	797

9. Hreinn gengismunur

	2017 1.7-30.9	2016 1.7-30.9	2017 1.1-30.9	2016 1.1-30.9
Eignir				
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	97	(111)	(13)	(204)
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	2.574	(2.906)	(294)	(5.930)
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	22	(16)	8	(18)
Afleiðusamningar	2.264	349	3.964	1.180
Útlán og kröfur á lánastofnanir	2.726	(1.229)	2.577	(2.334)
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	9.919	(14.205)	2.355	(22.107)
Aðrar eignir	47	(90)	23	(172)
Samtals	17.649	(18.208)	8.620	(29.585)
Skuldir				
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	(11)	-	(12)	401
Innlán frá viðskiptavinum	(4.537)	5.712	(1.918)	9.663
Lántaka	(13.297)	12.447	(7.684)	19.285
Aðrar skuldir	189	68	99	270
Víkjandi lán	(3)	6	2	(1)
Samtals	(17.659)	18.233	(9.513)	29.618
Hreinn gengismunur	(10)	25	(893)	33

Hreinn gengismunur sem færður var í rekstrarreikning á tímabilinu janúar til september 2017 og er til kominn vegna fjáreigna sem ekki eru metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning nam 4.942 milljóna króna hagnaði af fjáreignum (1.1-30.9.2016; 24.817 milljón króna tap) og 9.513 milljón króna tapi af fjárskuldum (1.1-30.9.2016; 29.618 milljóna króna hagnaður).

10. Aðrar tekjur og (gjöld)

	2017 1.7-30.9	2016 1.7-30.9	2017 1.1-30.9	2016 1.1-30.9
Hagnaður (tap) af sölu rekstrarfjármuna	49	5	63	(11)
Hagnaður af fullnustueignum	54	66	1.009	1.543
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélaganna	45	78	152	1.575
Annað	(112)	715	69	1.220
Samtals	36	864	1.293	4.327

11. Laun og launatengd gjöld

	2017 1.7-30.9	2016 1.7-30.9	2017 1.1-30.9	2016 1.1-30.9
Laun	2.359	2.290	7.924	7.953
Framlög í lífeyrissjóði	404	404	1.187	1.218
Önnur launatengd gjöld	400	402	1.197	1.238
Samtals	3.163	3.096	10.308	10.409

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

12. Annar rekstrarkostnaður

	2017 1.7-30.9	2016 1.7-30.9	2017 1.1-30.9	2016 1.1-30.9
Kostnaður vegna hugbúnaðar og upplýsingatækni	552	500	1.652	1.552
Fasteignir og húsbúnaður	195	251	635	709
Auglýsingar og markaðssetning	230	172	642	600
Húsaleiga	135	138	405	413
Eftirlitsgjöld til FME	145	118	437	353
Framlag til umboðsmanns skuldara	87	28	261	83
Endurskoðun og tengd þjónusta	24	18	80	88
Önnur sérfræðiþjónusta	148	107	435	403
Afskriftir	182	165	532	459
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	355	305	963	971
Annar rekstrarkostnaður	422	428	1.336	1.542
Samtals	2.475	2.230	7.378	7.173

13. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður út frá þeim tekjuskattshlutföllum og þeim skattalögum sem voru í gildi í lok tímabilsins, en þá var tekjuskattshlutfall lögaðila 20,0% (2016: 20,0%). Sérstakur fjársýsluskattur er 6% á tekjuskattstofn umfram 1 milljarð króna í samræmi við lög nr. 165/2011, um fjársýsluskatt.

Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning sem hér segir:

	2017 1.1-30.9	2016 1.1-30.9
Tekjuskattur til greiðslu	(3.884)	(4.535)
Sérstakur fjársýsluskattur	(997)	(1.183)
Mismunur á álögðum og reiknuðum tekjuskatti fyrra árs	178	30
Frestuð skatteign (skuld)	88	248
Samtals	(4.615)	(5.440)

Reiknaður tekjuskattur af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn útreiknuðum tekjuskatti í samræmi við tekjuskattshlutfall lögaðila sem hér segir:

	2017 1.1-30.9	2016 1.1-30.9
Hagnaður fyrir skatta	23.956	24.110
Sérstakur skattur á heildarskuldur fjármálafyrirtækja	(2.500)	(2.270)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	21.456	21.840
Tekjuskattur reiknaður út frá skatthlutfalli lögaðila	20,0% (4.291)	20,0% (4.366)
Sérstakur fjársýsluskattur	4,6% (997)	5,4% (1.183)
Óskattskyldar tekjur	(5,2%) 1.123	(2,0%) 436
Ófrádráttarbær gjöld	2,9% (629)	2,5% (548)
Annað	(0,8%) 179	1,0% 221
Virkur tekjuskattur samtals	21,5% (4.615)	24,9% (5.440)

14. Skattur á heildarskuldur fjármálafyrirtækja

Þann 31. desember 2013 samþykkti Alþingi breytingar á lögum nr. 155/2010, um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki, sem kveða á um að fjármálafyrirtækjum beri að greiða árlega skatt sem reiknast 0,376% (2016: 0,376%) af skattalegu bókfærðu virði skulda í árslok, að skattskuldum frátöldum, umfram 50 milljarða króna. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki fellur undir ófrádráttarbær gjöld við útreikning á tekjuskatti.

	2017 1.1-30.9	2016 1.1-30.9
Sérstakur skattur á heildarskuldur fjármálafyrirtækja	(2.500)	(2.270)

Skýringar við árs hlutareikning samstæðunnar

Skýringar við efnahagsreikning

15. Flokkun fjáreigna og fjárskulda

Samkvæmt alþjóðlega reikningsskilastaðlinum IAS 39 „Fjármálagæringar, Skráning og mat“, ber að flokka fjáreignir og fjárskuldir í sérstaka flokka sem segja til um hvernig meta skuli viðkomandi eignir og skuldir eftir upphaflega skráningu þeirra. Um mat hvers flokks eftir upphaflega skráningu fer sem hér segir:

- Útlán og kröfur, metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.
- Veltufjáreignir og veltufjárskuldir, metnar á gangvirði.
- Fjáreignir sem færðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, metnar á gangvirði.
- Fjárskuldir, metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda samstæðunnar í samræmi við IAS 39, og gangvirði þeirra 30. september 2017:

Fjáreignir	Skýringar	Lán og kröfur	Veltufjáreignir/skuldir	Fjáreignir á gangvirði	Skuldir á afskrifuðu kostnaðarverði	Samtals bókfært virði	Gangvirði
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	18	33.157	-	-	-	33.157	33.157
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	19	89.168	60.577	10.478	-	160.223	160.699
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	20	-	12.543	18.506	-	31.049	31.049
Afleiðusamningar	21	-	1.787	-	-	1.787	1.787
Útlán og kröfur á lánastofnanir	22	41.485	-	-	-	41.485	41.485
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	23	905.927	-	-	-	905.927	912.165
Aðrar fjáreignir		10.325	-	-	-	10.325	10.325
Samtals		1.080.062	74.907	28.984	0	1.183.953	1.190.667
Fjárskuldir							
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka		-	-	-	21.946	21.946	21.946
Innlán frá viðskiptavinum		-	-	-	638.781	638.781	637.845
Afleiðusamningar og skortstöður	21	-	1.469	-	-	1.469	1.469
Lántaka	26	-	-	-	267.853	267.853	272.506
Aðrar fjárskuldir		-	-	-	7.849	7.849	7.849
Víkjandi lán	28	-	-	-	229	229	238
Samtals		0	1.469	0	936.658	938.127	941.853

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda samstæðunnar í samræmi við IAS 39 og gangvirði þeirra 31. desember 2016:

Fjáreignir	Skýringar	Lán og kröfur	Veltufjáreignir/skuldir	Fjáreignir á gangvirði	Skuldir á afskrifuðu kostnaðarverði	Samtals bókfært virði	Gangvirði
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	18	30.662	-	-	-	30.662	30.662
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	19	110.822	34.006	10.064	-	154.892	155.617
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	20	-	9.890	16.798	-	26.688	26.688
Afleiðusamningar	21	-	278	-	-	278	278
Útlán og kröfur á lánastofnanir	22	20.408	-	-	-	20.408	20.408
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	23	853.417	-	-	-	853.417	858.187
Aðrar fjáreignir		6.528	-	-	-	6.528	6.528
Samtals		1.021.837	44.174	26.862	0	1.092.873	1.098.368
Fjárskuldir							
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka		-	-	-	20.093	20.093	20.093
Innlán frá viðskiptavinum		-	-	-	589.725	589.725	589.790
Afleiðusamningar og skortstöður	21	-	1.729	-	-	1.729	1.729
Lántaka	26	-	-	-	223.944	223.944	225.520
Aðrar fjárskuldir		-	-	-	7.206	7.206	7.206
Víkjandi lán	28	-	-	-	388	388	405
Samtals		0	1.729	0	841.356	843.085	844.743

Skýringar við árs hlutareikning samstæðunnar

16. Gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Mat á gangvirði fjáreigna og fjárskulda byggist á sömu verðmatsaðferðum og lýst er í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2016.

Prepaskipting gangvirðis

Prepaskiptingu er beitt við framsetningu á mismunandi forsendum sem notaðar eru við mat á gangvirði fjáreigna og fjárskulda. Forsendum er raðað í þrjú almenn þrep á eftirfarandi hátt:

- 1. þrep: Skráð verð er notað fyrir eignir og skuldir sem eru til viðskipta á virkum mörkuðum. Óbreytt skráð verð er mælikvarðinn á gangvirði.
- 2. þrep: Matsaðferð sem byggir á greinanlegum forsendum. Stuðst er við nýjasta viðskiptaverð og almennt viðurkenndar verðmatsaðferðir við ákvörðun á gangvirði hlutabréfa. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa með sömu tímalengd, sem virk viðskipti eru með, er notuð sem viðmið við verðmat á skuldabréfum.
- 3. þrep: Matsaðferð sem byggir á mikilvægum ógreinanlegum forsendum. Þessi nálgun tekur til allra eigna og skulda þar sem matsaðferðin felur í sér forsendur sem byggja á ógreinanlegum gögnum og þar sem ógreinanlegu forsendurnar hafa mikilvæg áhrif á verðmatið. Fyrir óskráð hlutabréf og skuldabréf, þar sem engar markaðsupplýsingar liggja fyrir, er ýmsum almennt viðurkenndum matsaðferðum beitt við mat á gangvirði. Verðmat sem byggir á sjóðstreymi eða samanburði á kennitölum sambærilegra fyrirtækja eru algengustu aðferðirnar við útreikning á gangvirði óskráðra hlutabréfa, auk nýlegra viðskipta og ríkjandi markaðsaðstæður.

Forsendur verðmatsaðferðarinnar eru m.a. áhættulausir vextir og viðmiðunarvextir til að meta ávöxtunarkröfu, vaxtaálag, skuldabréfa- og hlutabréfaverð, gengi erlendra gjaldmiðla, kennitölur á markaði, markaðsaðstæður við mat á framtíðar vexti og aðrir markaðsvísar.

Ákvörðunarferli verðmats

Áhættu- og fjármálanefnd bankans er ábyrg fyrir gangvirðismati fjáreigna og fjárskulda sem flokkaðar eru í 2. og 3. þrep. Verðmatsnefnd bankans leggur fyrir áhættu- og fjármálanefnd verðmat til samþykktar. Verðmatsnefndin er skipuð fulltrúum frá Áhættustýringu, Fjárstýringu og Reikningshaldi. Verðmatsnefndin heldur fundi mánaðarlega til að ákveða verðmat á fjáreignum og fjárskuldum í 2. og 3. þrepi.

Taflan hér fyrir neðan sýnir þau þrep sem fjáreignir og fjárskuldir, sem færð eru á gangvirði í efnahagsreikninginn, eru flokkaðar þann 30. september 2017:

Fjáreignir	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	62.160	8.829	66	71.055
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	13.385	-	17.664	31.049
Afleiðusamningar	-	1.787	-	1.787
Samtals	75.545	10.616	17.730	103.891

Fjárskuldir	1. þrep	2. þrep	3. þrep	Samtals
Afleiðusamningar	-	962	-	962
Skortstöður	507	-	-	507
